Nr. 14.
11. júlí.

# Lög

um

## breyting á tolllögum fyrir Ísland, nr. 37, 8. nóvember 1901.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

1. gr. tolllaganna orðist svo:

Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til landssjóðs þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Af allskonar öli, límónaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar.... | kr. 0,10 | af hverjum lítra. |
| 2. | Af allskonar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og samskonar drykkjarföngum með 8° styrkleika eða minna.... | — 1,00 | — |
| | yfir 8° og alt að 12° styrkleika.... | — 1,50 | — |
| | yfir 12° og alt að 16° styrkleika.... | — 2,00 | — |
| | Af 16° vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða. | | |
| 3. | Af rauðvíni og samskonar borðvínum (eigi freyðandi), af messuvíni, svo og af óáfengum ávaxtavínum, ávaxtasafa og öðrum óáfengum drykkjarföngum, sem ekki eru talin í öðrum liðum.... | — 0,50 | — |
| 4. | Af öllum öðrum vínföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, svo og af súrum berjasafa (súrsaft).... | — 1,00 | — |
| 5. | Af sódavatni.... | — 0,02 | — |
| 6. | Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.).... eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sje varan aðflutt í stærri ílátum. | — 1,00 | — ¼ lítra |
| | Sjeu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum ¾ lítra sem af lítra í stærri ílátum. | | |
| 7. | Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki.... | — 2,00 | af hverju kílógr. |

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

**Nr. 14.**
11. Juli.

# Lov

om

## Forandring i Toldlov for Island Nr. 37 af 8. Novbr. 1901.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Toldlovens § 1 affattes saaledes:

Af efternævnte Varer erlægges, naar de indføres til Island, følgende Afgifter til Landskassen:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | af al Slags Øl, Limonade og andre lignende alkoholfri Drikke, som er bestemte til at nydes ublandede | Kr. 0,10 for hver Liter. |
| 2. | af al Slags Brændevin, Rom, Cognac, Whisky, Arrak og andre Drikkevarer af samme Slags med 8° Styrke eller derunder | — 1,00 — |
| | over 8° og indtil 12° Styrke | — 1,50 — |
| | over 12° og indtil 16° Styrke | — 2,00 — |
| | Af 16° Spiritus, som indføres til Brændsel eller i industrielle Øjemed, erlægges ingen Afgift, naar den under Øvrighedens Opsyn er gjort udrikkelig. | |
| 3. | af Rødvin og hvide Bordvine af samme Slags (ikke musserende), Kirkevin, og af alkoholfri Frugtvine, Frugtsaft, og andre alkoholfri Drikke, som ikke er opførte under andre Toldsatser | — 0,50 — |
| 4. | af alle andre spirituøse Drikkevarer, derunder Bitterkompositioner, som ere bestemte til at nydes ublandede, samt af sur Saft | — 1,00 — |
| 5. | af Sodavand | — 0,02 — |
| 6. | af Bittervædsker (Bitteressents, Elixir og lignende) .. eller mindre Beholdere. Efter samme Forhold erlægges Afgiften, hvis Varen indføres i større Beholdere. | — 1,00 for hver ¼ Liter |
| | Saafremt de under Nr. 2, 3 og 4 anførte Drikkevarer indføres i Beholdere, som rumme mindre end en Liter, erlægges den samme Afgift for hver ¾ Liter, som for hver Liter i større Beholdere. | |
| 7. | af al Tobak, være sig Røgtobak, Skraatobak, Snustobak eller uforarbejdet Tobak | — 2,00 af hvert Kilogram. |

Nr. 14.
11. júlí.

8. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum)........ Kr. 5,20 af hverju kílógr.
Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þeir seljast í.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 9. Af óbrendu kaffi og kaffibæti allskonar.............. | 30aura | af hverju | kílógr. |
| 10. Af allskonar brendu kaffi.......................... | 40 | — | — |
| 11. Af sykri og sírópi................................ | 15 | — | — |
| 12. Af tegrasi......................................... | 100 | — | — |
| 13. Af súkkulaði...................................... | 50 | — | — |
| 14. Af kakaódufti..................................... | 30 | — | — |
| 15. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum......... | 80 | — | — |

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í töluliðunum 1—6, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundum í 7.—15. lið ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu þannig, að $\frac{3}{4}$ og þar yfir telst sem heil, $\frac{1}{4}$ alt að $\frac{3}{4}$ sem hálf, en minna broti sje slept. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfje, eru undanþegin tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neyzlu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land og á að sýna skipskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri, eða löggiltur umboðsmaður hans, rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins eða aðrir menn á skipinu kunna að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sjerstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra í tje skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefur hönd yfir. Sje skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir meiri en svo, að ætla má að nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipinu til neyzlu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra hjer að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Síðasta málsgrein í 4. gr. tolllaganna skal hljóða svo: Um fastar verzlanir gilda þó fyrirmæli laga 16. nóvbr. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest, en að öðru leyti er tollurinn fallinn í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefur hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

3. gr.

Í stað orðanna í 6. gr. tolllaganna: »töluliðunum 8—14« komi: töluliðunum 7—15.

4. gr.

Á eftir 6. gr. tolllaganna skal koma ný grein, svo látandi.

Hver maður, sem fær böggulsendingar fluttar með pósti frá útlöndum, er skyldur að láta í tje skriflegt drengskapar- og samvizkuvottorð um það, hvort sendingar hafi inni að halda tollskyldar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim. Áður en slíkar sendingar eru afhentar viðtakendum, skulu póstmenn heimta tjeð vottorð, og síðan afgreiða þau tafarlaust til lögreglustjóra.

8. af Cigarer og Cigaretter .......................... Kr. 5,20 af hvert Kilogram.
Cigaretter fortoldes iberegnet Papiret og de Æsker eller Daaser, hvori de forhandles.
9. af ubrændt Kaffe og Kaffesurrogater af enhver Slags 30 Øre af hvert Kilogram.
10. af brændt Kaffe .......................... 40 — —
11. af Sukker og Sirup .......................... 15 — —
12. af The .......................... 100 — —
13. af Chokolade .......................... 50 — —
14. af Kakaopulver .......................... 30 — —
15. af alle Sorter Brystsukker og Konfekt .......... 80 — —

Af de under 1—6 nævnte Varer skal en Brøk af en Toldenhed, som naar ½ eller mere, regnes som en hel Toldenhed, medens mindre Brøk bortfalde. Af de under 7—15 nævnte Varer bør Tolden af en halv Toldenhed beregnes, saaledes at ¾ og derover beregnes som en Toldenhed, ¼ og indtil ¾ som en halv, men en mindre Brøk bortfalder. Tobaksblade, som indføres under Øvrighedens Opsyn og benyttes som Helbredelsesmiddel for Faar, ere undtagne fra Indførselstold.

Af Varer, som ere bestemte til Forbrug for Mandskab eller Passagerer paa det Skib, hvormed de indføres, erlægges ingen Afgift. Paa første Havn, Skibet anløber her ved Land og hvor Skibets Papirer efter gældende Love skal forevises, skal Politimesteren eller hans autoriserede Fuldmægtig undersøge Provianten tillige med Forraadet af andre toldpligtige Varer, som Skibets Hovmester eller andre paa Skibet medføre eller raade over, hvad enten disse Varer nævnes i Toldseddelen eller i en særskilt Fortegnelse, eller de ikke findes opførte paa Skibets Papirer. Skibets Hovmester er pligtig til, ved en skriftlig Erklæring paa Ære og Samvittighed, at opgive for Politimesteren alle de toldpligtige Varer, der findes i hans Forvaring. Saafremt Skibsprovianten eller de ommeldte Varebeholdninger er større end der maa anses tilstrækkeligt til Mandskabets og Passagerernes eget Forbrug paa Skibet, skal der opkræves Told af det overskydende efter Politimesterens Kendelse; denne kan dog indankes til Ministeriets Afgørelse. For denne Undersøgelse oppebærer Politimesteren eller hans Fuldmægtig 10 Kr., som erlægges af Skibsføreren.

§ 2.

**Toldlovens § 4, sidste Punktum, affattes saaledes: For saa vidt angaar faste Handeler gælde dog Bestemmelserne i Lov om Oplæggelse af toldpligtige Varer samt Erlæggelse af Toldafgifter af 16. November 1907, men iøvrigt er Afgiften forfalden til Betaling, saa snart det Skib, hvormed Varerne indføres, har kastet Anker paa den Havn, hvor Afgiften skal erlægges.**

§ 3.

**I Stedet for Ordene »Nr. 8—14« i Toldlovens § 6 kommer: Nr. 7—15.**

§ 4.

**Efter Toldlovens § 6 indskydes en ny Paragraf, saalydende:**

**Enhver, der med Posten fra Udlandet modtager Pakkeforsendelser, er pligtig at afgive en skriftlig Erklæring paa Ære og Samvittighed, angaaende hvorvidt Forsendelsen indeholder toldpligtige Varer, og i bekræftende Fald hvilke og hvor stort Kvantum. Forinden saadanne Forsendelser udleveres til Modtagerne, skal Postvæsenet afkræve disse bemeldte Erklæring og ufortøvet indsende den til Politimesteren.**

Nr. 14.
11. júlí.

5. gr.

14. gr. tolllaganna skal falla burt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Lögin nr. 3, 31. marz 1909, um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi eru úr lögum numin.

7. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál tolllaganna frá 8. nóvbr. 1901, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt sem tolllög fyrir Ísland.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 11. júlí 1911.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***
(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

§ 5.

Toldlovens § 14 udgaar.

§ 6.

Denne Lov træder i Kraft den Dag, da dens Stadfæstelse bekendtgøres i Regeringstidenden, Afdeling B.

Lov Nr. 3 af 31. Marts 1909 om foreløbig Forhøjelse af Indførselsafgift ophæves.

§ 7.

Samtidig med nærværende Lovs Stadfæstelse kan Teksten af Toldloven af 8. November 1901, ændret saaledes som nærværende Lov medfører det, udfærdiges af Kongen som Toldlov for Island.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

---

**Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.**

***Kristján Jónsson***

*Jon Krabbe.*